# Föstudagur 8. desember



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi.** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.20 **Pernilla og stjarnan.** (Pernille og stjernen). 2. þáttur – Það má ekki stela stjörnunni. Norskt barnaefni. Sögumaður Sigrún Waage. Þýðandi Heiður Eysteinsdóttir. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (39).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar.** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Nætursigling.** (Nattsejlere). Fimmti þáttur. Norskur framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum. Þýðandi Jón O. Edwald.
21.25 **Peter Strohm.** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.15 **Á öndinni.** (Breathless). Bandarísk bíómynd frá árinu 1983. Leikstjóri James McBride. Aðalhlutverk Richard Gere, Valerie Kaprinsky og William Tepper. Söguhetjan stelur bíl í Las Vegas og heldur áleiðis til strandarinnar. Ung námskona slæst í för með honum og heillast af þessum harðjaxli. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Sameinuð stöndum við.** Christmas Eve. Vellauðug kona er dugleg við að láta þá sem minna mega sín njóta auðsins með sér. En syni hennar líkar þetta framferði hennar illa og tekur til sinna ráða. Aðalhlutverk: Loretta Young, Trevor Howard, Arthur Hill og Ron Leibman.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Jólasveinasaga.**
18.10 **Sumo-glíma.**
18.35 **Heimsmetabók Guinness.**
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Geimálfurinn.** Alf.
21.05 **Sokkabönd í stíl.** Íslenskur tónlistarþáttur. Umsjón: Margrét Hrafnsdóttir.
21.40 **Þau hæfustu lifa.** The World of Survival. Dýralífsþættir í sex hlutum. Fimmti hluti.
22.10 **Æðisgenginn akstur.** Vanishing Point. Ökumanni er úthlutað því verkefni að aka bifreið frá Denver til San Francisco. Af óútskýranlegum ástæðum afræður hann að fara leiðina á mettíma eða fimmtán klukkustundum. Aðalhlutverk: Barry Newman, Cleavon Little, Dean Jagger og Victoria Medlin.
23.55 **Vélabrögð lögreglunnar.** Sharky's Machine. Sharky er færður úr morðdeildinni yfir í fíkniefnadeildina. Þar fær hann það verkefni að hafa uppi á glæpaforingja sem stjórnar neðanjarðarheimi Atlanta. Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Vittorio Gassman, Brian Keith, Charles Durning og Earl Holliman. Stranglega bönnuð börnum.
1.50 **Móðurást.** Love Child. Áhrifamikil mynd byggð á sönnum atburðum. Ung stúlka er dæmd til sjö ára fangelsisvistar fyrir þjófnað. Í fangelsinu verður hún þunguð. Aðalhlutverk: Amy Madigan, Beau Bridges og McKenzie Phillips. Stranglega bönnuð börnum.
3.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ingólfur A. Þorkelsson skólameistari flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Á sjötta degi. Umsjón: Óli Örn Andreassen.
13.30 **Miðdegissagan:** Turninn útá heimsenda eftir William Heinesen. Þorgeir Þorgeirsson lýkur lestri þýðingar sinnar (19.)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 05.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Sjómannslíf.** Þriðji þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá 29. f.m.)
15.45 **Pottaglamur gestakokksins.** Yoko Arai Þórðarson frá Japan eldar. Umsjón: Sigríður Pétursdóttir.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Þingfréttir.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Meðal annars les Jakob S. Jónsson úr þýðingu sinni á framhaldssögunni Leifur, Narúa og Apúlúk eftir Jörn Riel. (8) Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Debussy, Francaix, Milhaud og Stravinsky.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur (8). Umsjón: Gunnvör Braga. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Gamlar glæður.**
21.00 **Kvöldvaka.** a. Þjóðsögur á aðventu. Ágústa Björnsdóttir tók saman. Lesarar: Ingibjörg Haraldsdóttir og Kristján Franklín Magnús. b. Íslensk tónlist. Sigrún Valgerður Gestsdóttir og Samkór Selfoss syngja. c. Bernskudagar. Margrét Gestsdóttir les úr minningum Guðnýjar Jónsdóttur frá Galtafelli. Annar lestur. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Ómur að utan** – The Playboy of the Western World eftir John Millington Synge. Cyril Cusack, Siobhan McKenna og fleiri leika úr þessu frægasta gamanleikriti Íra. Leikritið var leikrit mánaðarins sl. laugardag og hét þá Kappinn að vestan í nýrri þýðingu Böðvars Guðmundssonar, en í eldri þýðingu Jónasar Árnasonar hét það Lukkuri. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2
FM 90,1

12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson, kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.**
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt ....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Á djasstónleikum.** Frá tónleikum á norrænu útvarpsdjassdögunum í Dalsbruk.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Sjöundi þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi, á vegum Málaskólans Mímis. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi.)
22.07 **Kaldur og klár.**
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
03.00 **Blítt og létt ....**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Undir værðarvoð.** Veðurfregnir kl. 4.30.
05.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
05.01 **Áfram Ísland.**
06.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
06.01 **Blágresið blíða.** Umsjón: Halldór Halldórsson. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi á Rás 2.)
07.00 **Úr smiðjunni.** Sigurður Hrafn Guðmundsson fjallar um saxófónleikarann Gerry Mulligan. Síðari þáttur (Endurtekinn þáttur frá laugardagskvöldi.)

## Sjónvarp kl. 21.25:

# Peter Strohm

Í kvöld verður sýndur síðasti þátturinn um einkalögreglumanninn Peter Strohm, í bili að minnsta kosti. Strohm, sem leikinn er af Klaus Löwitsch, hefur fengið misjafnar undirtektir sjónvarpsáhorfenda. Að minnsta kosti stendur Strohm nokkuð að baki landa sínum Derrick hvað vinsældir snertir.

Aðdáendur Derricks geta hugsað með tilhlökkun til næsta föstudags því þá kemur kappinn aftur í þáttaröð sem mun ná eitthvað fram á næsta ár. -HK

## BYLGJAN
FM 98,9

12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir.** Haldið upp á föstudaginn með trúlofun í beinni útsendingu. Jólaskapið til staðar enda líður að jólum.
15.00 **Ágúst Héðinsson.** Fylgst með öllu því helsta sem er að gerast um helgina. Polyglot-getraunin og fleira skemmtilegt.
17.00 **Borgarafundur** í beinni útsendingu. Fréttastjóri Bylgjunnar, Jón Ásgeirsson, stýrir umræðum um ofbeldi í miðbænum. Fundað verður á Café Hressó og eru allir velkomnir. Síðdegisútvarp með Haraldi Gíslasyni.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** hjálpar til við uppvaskið og hitar upp fyrir kvöldið með fínnni tónlist.
22.00 **Á næturrölti** með Halla Gísla. Næturvakt fyrir fólkið sem heima situr og er farið að huga að jólunum.
2.00 **Ljúf og létt** næturtónlist undir svefninn. Freymóður T. Sigurðsson.
Ath. Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–19.

## STJARNAN
FM 102 & 104

11.00 **Snorri Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30. Dregið í aukaleiknum.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Útsalan á sínum stað kl. 16.00. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga.
18.00 **Þátturinn ykkar.** Spjallþáttur á léttu nótunum þar sem tekin eru fyrir málefni líðandi stundar. Öll umfjöllun er miðuð við að ungt fólk taki þátt í umræðunni.
19.00 **Kristófer Helgason.** Kristó sér þér fyrir réttu helagartónlistinni og tekur á móti þínu símtali.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
24.00 **Björn Sigurðsson.** Bússi er með allt á hreinu.
3.00 **Arnar Albertsson.** Hann fer í ljós þrisvar í viku...

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

13.00 **Sigurður Ragnarsson.** Gæðatónlist er yfirskriftin hjá Sigurði.
16.00 **Jóhann Jóhannsson.** Hress, og skemmtilegur í skammdeginu. Pitsuleikurinn á sínum stað.
20.00 **Kiddi Bigfoot.** Tónlist og stíll sem á sér engar hliðstæður.
23.00 **Valgeir „Keilubani" Vilhjálmsson.** Að sjálfsögðu nýkominn úr keilu, hress og kátur.
1.00 **Næturdagskrá.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Fréttir, viðtöl og tónlist.

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

12.00 **Að hætti hússins.** Umsjónarmaður Ólafur Reynisson. Uppskriftir, viðtöl og fróðleikur til hlustenda um matargerð. Opin lína fyrir hlustendur, s. 626060.
12.30 **Þorgeir Ástvaldsson.**
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.** Lengsti fréttatími sem um getur.
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.** Létt tónlist í helgarbyrjun.
22.00 **Kertaljós og kavíar.** Gestgjafi Gunnlaugur Helgason.
2.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

## SKY One

12.55 **General Hospital.**
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.45 **Teiknimyndir.**
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
19.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
20.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
23.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.

## SKY MOVIES

14.00 **No Means No**
15.00 **The Last of the Red Hot Dragons.**
16.00 **Laprechaun's Christmas Gold.**
17.30 **Noah's Animal.**
18.00 **Mr. Mom.**
20.00 **Marie – A True Story.**
22.00 **The Morning After.**
23.45 **Zontar – Thing From Venus.**
01.15 **The Hitchhiker.**
01.45 **Link.**
04.00 **He's My Girl.**

## EUROSPORT

12.00 **Badminton.** Heimsmeistarakeppnin í Kína.
13.00 **Snóker.** Rothman's Grand Prix.
14.00 **Listhlaup á skautum.** Stórmót í Japan.
15.00 **Körfubolti.** Evrópumeistararnir Jugo Plastika leika gegn Barcelona.
17.00 **Hestaíþróttir.** Þjóðabikarinn, haldin í Berlgíu.
18.00 **Kanadíski fótboltinn.**
20.00 **Listhlaup á skautum.** Stórmót í Japan.
21.00 **Skíðaíþróttir í vetur.** Sagt frá komandi heimsmeistarakeppni á skíðum.
22.00 **Tennis.** Nabisco Masters. Tvíliðaleikur sem fram fer í Albert Hall, London

## SCREENSPORT

13.15 **Fótbolti.** Argentínska deildin.
15.00 **Karate.** Breska meistaramótið.
16.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
17.00 **Powersport International.**
18.00 **Rugby.** Franska deildin.
19.30 **Íshokkí.** Atvinnumannakeppni í Bandaríkjunum.
21.30 **Ameríski fótboltinn.** Nortre Dame–Louisville.
23.00 **Golf.** JC Penney Classic, haldið á Broadmoor Florida.
24.00 **Hnefaleikar.**



**Richard Gere og Valerie Kaprisky leika aðalhlutverkin í Á öndinni.**

## Sjónvarp kl. 22.15:

# Á öndinni

Það var 1959 sem Jean Luc Godard gerði eina af frægustu myndum sínum, A bout de souffle, sem fjallaði um bandaríska stúlku sem hreifst af frönskum smákrimma sem lifði kæruleysislegu lífi. Mynd þessi gerði Godard frægan á sínum tíma og er talið tímamótaverk í franskri kvikmyndagerð.

Á öndinni (Breathless) er bandarísk endurgerð þessarar kvikmyndar. Dæminu er snúið við. Nú er töffarinn bandarískur en stúlkan frönsk. Fjallar myndin um ástarsamband þeirra. Stúlkan gerir sér smátt og smátt grein fyrir því að elskhugi hennar er eftirlýstur morðingi.

Í mynd Godards léku aðalhlutverkin Jean-Paul Belmondo og Jean Seberg. Í amerísku útgáfunni leikur Richard Gere aðalhlutverkið en stúlkuna leikur franska leikkonan Valerie Kaprisky sem var alveg óþekkt er hún lék í þessari kvikmynd. Þrátt fyrir að Á öndinni sé um margt ágæt skemmtun fellur hún í skuggann af meistarverki Godards og sannast enn einu sinni hversu hæpið er að kvikmynda gömul meistaraverk upp á nýtt. -HK

## Rás 2 kl. 20.30:

# Á djasstónleikum

Í þættinum Á djasstónleikum fáum við að heyra í fjórum hljómsveitum sem léku á Norrænu útvarpsdjassdögunum sem haldnir voru í Dalsbruk í Finnlandi.

Hot Club Trio of Helsinki leikur eins og nafnið bendir til í anda Heita pottsins franska þar sem Django Reinhard og Stephen Grapelli voru í fararbroddi. Hér leika þeir ýmsar af perlum Djangos.

Kvartett danska klarínettuleikarans Jørgen Svares er á sveifluslóðum og sækir gjarnan efnivið sinn til hins elleingtoníska tónaheims. Á árum áður var Svare þekktastur sem klarínettuleikari víkingadjasssveitar Paba Bue.

Kvartett norska tenórsaxófónleikarans Bjarne Nerem leikur sígilda standarda. Bjarne hefur lengi verið í fremstu röð norrænna djassleikara og geta má þess að Gunnar heitinn Ormslev tók sæti hans í hljómsveit Simons Brehms.

Síðasta norræna sveitin sem leikur í þættinum er tríó saxafónleikarans sænska, Roland Keijser, og eru þeir félagar nokkuð nútímalegri en fyrrgreindar hljómsveitir. Það er Vernharður Linnet sem sér um þáttinn.

## Stöð 2 kl. 23.55:

# Vélabrögð lögreglunnar

Burt Reynolds hefur ekki átt upp á pallborðið hjá áhorfendum í kvikmyndahúsum á undanförnum árum.

Þegar hann leikstýrði og lék aðalhlutverkið í Vélabrögð lögreglunnar var hann aftur á móti á hátindi ferils síns, enda ber myndin það með sér. Reynolds er frískur í hlutverki lögreglumannsins Sharky sem fær það verkefni að koma foringja glæpaklíku í hendur réttvísina. Til þess notar hann þá aðferð að fylgjast með gleðikonu einni í dýrari kantinum sem hann veit að glæpaforinginn hefur samband við.



**Burt Reynolds er bæði aðalleikari og leikstjóri í Vélabrögð lögreglunnar.**

Vélabrögð lögreglunnar er hin hressilegasta sakamálamynd. Reynolds stendur sig þokkalega sem leikstjóri og vel sem leikari. Aukahlutverk eru sérlega vel skipuð. Má þar nefna þekkta karakterleikara á borð við Vittorio Gassman, Brian Keith, Charles Durning, Earl Holliman og Henry Silva. Þá var það í þessari kvikmynd sem Rachel Ward sló fyrst í gegn. Leikur hún gleðikonuna sem Sharky fylgist með. -HK